

SAMSTARF AÐILA
VINNUMARKAÐARINS UM
MENNTAMÁL

FORMÁLI

Viðhorf aðila vinnumarkaðarins eru gagnólk í mörgum málaflokkum en sameiginlegur skilningur þeirra nær einna lengst í menntamálum. Skipulag í menntamálum, ekki síst menntunar í atvinnulífinu, er margháttað og flókið. Það er ósk undirritaðra að þessi greinargerð geti orðið vegvísir til að auðvelda og einfalda samstarf atvinnurekenda og launafólks, bæði sín í milli og við aðra, um menntamál.

Starfshópur um þessa greinargerð færir starfsmenntaráði þakkir fyrir veittan stuðning við verkefnið.

Guðmundur Rúnar Árnason, ritari

Davíð Stefánsson

Halldór Grönvold

Ingi Bogi Bogason

FORMÁLI	2
HALLDÓR GRÖNVOLD INGI BOGI BOGASON	2
INNGANGUR	4
1. ÁHERSLUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS	5
SAMSTARF ATVINNULÍFS OG SKÓLA.....	5
SAMKEPPNISHÆFNI.....	5
NÝJAR LEIDIR	6
VERKEFNIÐ FRAMUNDAN	7
2. STEFNA ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS	8
ÁHERSLUR OG HELSTU VERKEFNI ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS Í MENNTAMÁLUM	9
Áherslur ASÍ.....	9
Helstu verkefni ASÍ eru að:.....	9
AÐILDARSAMTÖKIN GEGNA LYKILHLUTVERKI	11
3. SAMSTARF SAMTAKA ATVINNUREKENDA OG LAUNAFÓLKS	12
STARFSMENNTARÁÐ	12
Grundvöllur og starf starfsmenntaráðs 1992 – 2000.....	12
Stefnumótun starfsmenntaráðs árið 2000 – nýjar áherslur.....	13
Starfsmenntaráð – staðan nú	15
SAMSTARFSNEFND OG STARFSGREINARÁÐ	16
Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi.....	16
Starfsgreinaráð	16
MENNT – SAMSTARFSVETTIVANGUR ATVINNULÍFS OG SKÓLA.....	17
ENDURMENNTUNARSAMSTARF Í ATVINNULÍFINU	18
Endurmenntunarstofnanir iðnaðarins.....	18
Fræðslumiðstöð bílgreina.....	20
Fræðsluráð hótél- og matvælagreina	20
Fræðsluráð málmíðnaðarins	20
Menntafélag byggingariðnaðarins.....	21
Prenttæknistofnun	21
Rafiðnaðarskólinn.....	22
Margmiðlunarskólinn	22
Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.....	22
Starfsfræðslunefnd iðnverkafólks.....	22
Eftirmenntun vélstjóra	23
Aðgerðir í málefnum ófaglærðra	23
Verkstjórnarfræðslan og verkstjóranámskeið.....	23
5. SAMSTARF ATVINNUREKENDA, LAUNAFÓLKS OG HÁSKÓLA	25
SÓKNARFÆRI Í SAMVINNU HÁSKÓLA OG ATVINNULÍFS	25
RANNSÓKNAÞJÓNUSTA HÁSKÓLA ÍSLANDS	25
AÐKOMA ATVINNULÍFSINS AÐ REKSTRI SKÓLA.....	26
SAMSTARF UM AÐ EFLA VERK- OG TÆKNIMENNTUN.....	27
6. ALÞJÓÐASAMSTARF UM MENNTAMÁL	28
LEONARDÓ	28
CEDEFOP.....	28
7. FRAMTÍÐ MENNTUNAR FYRIR ATVINNULÍFIÐ	30

INNGANGUR

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru þeirrar skoðunar að lykillinn að því að hægt sé með markvissum hætti að þoka góðum málum áfram sé sá að atvinnurekendur og launafólk nái að skilgreina þau markmið sem þeir eiga sameiginleg og nái sátt um sameiginlegar aðgerðir til að ná þessum markmiðum.

Hér á landi á sér stað samvinna og samráð milli aðila vinnumarkaðarins um ýmis mál. Meðal annars er hún blómleg á sviði menntamála og er þá ýmist með eða án þátttöku stjórnvalda.

Samstarf aðila vinnumarkaðarins í þessum málaflokki hér á landi er í anda þess samstarfs sem á sér stað innan Evrópusambandsins. Þar er viðurkennt að aukin framleiðni, minna atvinnuleysi og almennt meiri velferð í Evrópu eru tengd aukinni grunn- og símenntun. Evrópusamvinnan byggist á virkri umræðu og aðgerðum í einstökum aðildarlöndum. Samvinna á Evrópugrundni verður aldrei sterkari en samvinna í málaflokknum innan einstakra Evrópuríkja. Samvinna aðila vinnumarkaðarins innan aðildarríkjanna sjálfra er þannig forsenda fyrir samvinnu þeirra innan ESB/EES.

Starfsmenntaráð, samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi og starfsgreinaráð eru dæmi um opinbert samstarf í þesum málaflokki, sérstaklega stefnumótun. Fræðslustofnanir atvinnulífsins og MENNT eru dæmi um samstarf félaga og samtaka í atvinnulífinu og skóla þar sem áhersla er lögð á framkvæmd einstakra aðgerða. Hvers konar menntasamstarf atvinnurekenda og launafólks, sem orðið hefur til hér á landi undanfarinn áratug, á rætur að rekja til sameiginlegrar þarfar fyrirtækja og starfsfólks.

Til þess að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru til að þoka áfram hagsmunamálum ólíkra aðila er nauðsynlegt að þeir vinni að því að skilgreina sameiginlega hagsmuni. Mikilvægt í því sambandi er að hafa á hverjum tíma handbært yfirlit um samstarf aðila vinnumarkaðarins sem hægt er að styðjast við við frekari þróun samstarfsins.

Markmið þessarar greinargerðar er tvenns konar:

1. Að birta yfirlit um sameiginlega þætti og starfsemi félaga og samtaka í atvinnulífinu um menntamál, sérstaklega í samvinnu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.
2. Að gera tillögu um aukna samvinnu atvinnurekenda og launafólks í menntamálum.

Hér er um að ræða yfirlit sem vonast er til að geti orðið handhægt gagn til að nota við frekari uppbyggingu starfsmenntunar hér á landi.

1. ÁHERSLUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS ¹

Öflugt atvinnulíf er forsenda velferðar og lífsgæða. Menntakerfið er grunnur að samkeppnishæfni atvinnulífsins. Fjölbreytt menntun er forsenda fyrir vexti og viðgangi efnahags, menningar og þjóðlífs. Menntakerfið, þjónustuhlutverk þess við atvinnulíf og fyrirtæki og möguleikar þess til að þróast í takt við nýjar þarfir, er því í brennidepli.

Samstarf atvinnulífs og skóla

Samtök atvinnulífsins eru í fjölbreyttu samstarfi um menntamál. Samtök atvinnulífsins leggja fram almenna stefnu og áherslur en vinna að framgangi einstakra mála í samvinnu við aðildarsamtök, samtök launafólks og opinbera aðila.

Menntakerfið er mikilvægt þjónustutæki til að byggja upp og viðhalda þekkingu sem nýtist í atvinnulífinu. Öll skólastig skipta máli.

Á leikskólastigi og í yngri bekkjum grunnskóla er æskilegt að efla hjá stúlkum og drengjum vitneskju um atvinnulífið og leggja grunn að viðhorfi beggja kynja til tækifæra í atvinnulífi.

Í grunnskólum er eðlilegt að fræðsla um atvinnulífið sé þáttur í lífsleikni, þ.á m. vörubekking, gæða- og öryggisvitund. Kanna má möguleika á samstarfi við samtök í atvinnulífinu og einstök fyrirtæki um útfærslu þessara þátta.

Á framhaldsskólastigi er tækifæri til að auka það samstarf atvinnulífs og skóla sem þegar er fyrir hendi. Auk iðn- og verknámsgreina er ástæða til að gefa nemendum í viðskiptagreinum kost á starfsþjálfun í fyrirtækjum. Örar tækniframfarir vekja þörf fyrir meiri og betri vinnustaðakennslu. Brynt er að kalla hér stjórnvöld til ábyrgðar og leggja grunn að formlegri og samræmdri vinnustaðakennslu víða í atvinnulífinu.

Háskólastigið er í örri þróun. Tækifæri til nýsköpunar og verðmætasköpunar eru þar mörg. Dæmin sýna að háskóladeildir, sem vinna markvisst að samstarfi við atvinnulífið, dafna vel og atvinnulífið nýtur þar góðs af.

Það færir í vöxt að nemendur, í framhaldsskóla og háskóla, vinni raunhæf skólaverkefni í samvinnu við fyrirtæki. Ávinningur af nemaverkefnum er ótvíræður. Ný fræðileg þekking er með þessum hætti hagnýtt á skjótan hátt.

Skólar og fræðslufyrirtæki þurfa að taka mið af menntaþörfum atvinnulífsins. Þetta á sérstaklega við um formlega endurmenntun og stjórnendabjálfun.

Samkeppnishæfni

Innleiða þarf hugsunarhátt samkeppni um þjónustu, gæði og velferð nemenda. Hraðfara hnattvæðing gerir kröfur um sveigjanlegt og viðbragsfljótt menntakerfi.

Bæta þarf skólastarfið, t.d. með því að nýta aðferðir atvinnulífsins. Gera þarf einstökum skólum kleift að bera sig saman við aðra skóla. Setja þarf sérstakar matsreglur í þessu skyni, sem hafa velferð nemenda að markmiði.

¹ Byggt á „Áherslum atvinnulífsins“. (Samtök atvinnulífsins, 2001)

Skólar eiga að veita sem besta þjónustu og starfsemi þeirra í auknum mæli að miðast við ólíkar þarfir nemenda. Möguleiki þarf að vera fyrir hendi til að umbuna framsæknum og þjónustumiðuðum skólum og kennurum.

Skólar, sem ekki eru í eigu opinberra aðila, geta verið skólum ríkis og sveitarfélaga fyrirmynd um að sinna breytilegri eftirspurn einstaklinga og fyrirtækja eftir menntun.

Skólar og samtök í atvinnulífinu hafa í auknum mæli vakið athygli ungs fólks á námsbrautum sem sinna brýnum þörfum atvinnulífsins, einkum verk- og tæknibrautum. Mikilvægt er að halda slíku samstarfi áfram, kanna þarfir atvinnulífsins fyrir menntun og að uppfylla þessar þarfir. Leggja þarf áherslu á að viðskipta- og verktækniþættir séu í almennum kjarna framhaldsskólanáms. Við skilyrði alþjóðlegrar samkeppni er jafnframt brýnt að efla tungumálakennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Sérstakan gaum þarf að gefa nýbúum og stöðu þeirra. Aðlögun nýbúa er þróunarverkefni sem margir þurfa að koma að og felur í sér margs konar ávinning, m.a. fjölbreyttari menningu. Mikilvægt er að þátttaka nýbúa í samfélaginu verði skilgreind sem sérstakt hagsmunamál fyrir alla, m.a. til að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Menntun er mikilvæg í þessu skyni.

Nýjar leiðir

Áfram þarf að efla gæðastjórnun í skólum. Meta þarf hlutlægt þau verðmæti sem skólustarfsemi skapar og gera árangurinn sýnilegan. Framboð menntunar á öllum skólastigum þarf að vera gegnsætt. Koma þarf til móts við einstaklingsbundnar þarfir og vilja fólks til að mennta sig og börnin sín í þeim skólum sem hugur þeirra stendur til. Skipting í skólahverfi heyrir sögunni til.

Brottfall úr skóla er sérstakt áhyggjuefni. Er hér um að ræða vanda þjóðfélags, atvinnulífs og skólakerfis. Betri þjónusta skólakerfisins við brottfallshópa felur í sér ávinning fyrir alla.

Gera þarf starfsemi grunn-, framhalds- og háskólastigsins hnitmiðaðri. Nýta þarf betur hvert skólaár og stytta grunnskóla- og framhaldsskólastigið um eitt ár hvort, samhliða auknum kröfum til kennara og nemenda. Nemendur hefji nám einu ári fyrir í framhaldsskóla og tveimur árum fyrir á háskólastigi. Með þessu næðist betri nýting skólaársins og íslenskt menntakerfi yrði sambærilegra menntakerfum bæði austan hafs og vestan.

Stjórnvöld eiga að standa vörð um þjónustu við borgarana á sviði menntunar. Ríki og sveitarfélög setji reglur og geri kröfur um starfsemi skóla og veiti þeim aðhald og eftirlit. Stjórnvöld eiga að vera fulltrúi nemenda og fjölskyldna gagnvart þeim sem þjónustuna veita.

Samtök atvinnulífsins fagna því frumkvæði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að leita nýrra leiða við rekstur grunnskóla. Með gæði, þjónustu og velferð einstaklinga að leiðarljósi ber stjórnvöldum að kaupa þjónustu á sviði fræðslu og menntunar af þeim sjálfsábyrgu fræðslufyrirtækjum sem hæfust eru. Réttarform slíkra fyrirtækja getur verið með ýmsu móti. Jafnframt þarf að skilgreina svigrúm til skólagjalda fyrir aukna þjónustu menntafyrirtækja, sem ekki komi í stað lögbundinna framlaga hins opinbera til menntamála.

Samtök atvinnulífsins leggja til að opinbert fé til menntunar sé veitt nemendum sem aftur ráðstafi því til þeirra skóla sem þeir velja sér („ávísanakerfi til náms“). Skólar keppist þannig um að laða til sín nemendur á grundvelli gæða og fjölbreytts námsframboðs.

Átak hefur verið unnið af hálfu stjórnvalda og atvinnulífs í málum símenntunar undanfarin ár. Samtök í atvinnulífinu, skólar, félög og menntamálaráðuneyti hafa átt margvíslegt samstarf um þennan málaflokk. Mikilvægt er að gefa fólki kost á fjölbreyttri símenntun, bæði með hefðbundnum leiðum og með aðstoð nýrrar kennslutækni, m.a. með rafrænum hætti. Sérstaklega ber að leggja áherslu á símenntun sem styrkir fólk í starfi og gerir það færft um að takast á við breytingar á vinnumarkaði. Annað tækifæri til náms verði fastur liður í skólastarfi. Loks er ákjósanlegt að gefa fólki kost á námssparnaði, hliðstæðum lífeyrissparnaði, sem nýttur sé til reglulegrar sí- og endurmenntunar.

Verkefnið framundan

Verkefnið framundan er því að innleiða samkeppnishugsun í skólakerfið, gera árangur skóla sýnilegan og metinn, bjóða út rekstrarþætti á grundvelli gæða, fækka grunnskólaárum í níu og framhaldsskólaárum í þrjú, innleiða viðskipta- og verktækniáfanga í almennan kjarna framhaldsskóla, fjölga viðskipta- og tæknimenntuðum á háskólastigi, gera annað tækifæri til náms að föstum lið í skólastarfi, innleiðaávísanakerfi til náms á öllum skólastigum, og taka upp námssparnaðarreikninga til símenntunar.

2. STEFNA ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS ²

Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að mikilvægi þekkingar aukist stöðugt; fyrir einstaklinga – fyrirtæki og samfélagið – þekkingarsamfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífinu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.

Bætt menntun hefur að markmiði að veita einstaklingnum lífsfyllingu, efla sjálfstæði hans, auðvelda honum að takast á við viðfangsefni hins daglega lífs og að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og þróun þess. Það á ekki síst við um þátttöku í atvinnulífinu og á vinnumarkaði.

Samtök launafólks hafa á undanförunum árum lagt sífellt meiri áherslu á menntamál og vinna út frá þeirri grundvallarsetningu að menntun sé ævistarf – gerð er krafa um stöðuga endurnýjun og viðhald þekkingar – símenntun. Mikilvægt er að samtök launafólks gæti hagsmuna félagsmanna sinna með því að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar á öllum stigum. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í umræðu og samstarfi um menntamál á alþjóðavísu og hagnýti sér þá þekkingu og reynslu sem þar verður til.

Á vettvangi verkalyðshreyfingarinnar hefur rík áhersla verið lögð á að efla samstarf samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda við uppbyggingu og þróun símenntunar. Mikilvægt er að því starfi verði haldið áfram og það eft enn frekar.

Verkalyðshreyfingin vill að litið sé á menntakerfið í heild þar sem áhersla er lögð á að tryggja öllum tækifæri til menntunar. Því verður að byggja upp öflugt og lifandi grunmenntakerfi fyrir alla, þar sem ungt fólk hefur tækifæri til að búa sig undir líf og starf. Fullorðið fólk, sem sækir formlegt nám þarf að fá reynslu og hæfni metna til styttingar á námi. Áhersla skal lögð á að ekki myndist blindgötur í skólakerfinu. Um leið verður að tryggja fólki sem komið er út á vinnumarkaðinn rétt og aðstæður til að sækja endur- og eftirmenntun til að styrkja sig í starfi eða auðvelda því að skipta um starf. Lögð skal áhersla á að fólki á vinnumarkaði standi til boða náms- og starfsráðgjöf.

Íslenskt samfélag verður stöðugt alþjóðlegra. Verkalyðshreyfingin leggur áherslu á að nýbúum hér á landi verði sköpuð skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði. Þar gegnir menntun lykilhlutverki.

² Úr „Helstu áherslur og verkefni ASÍ í starfi næstu missera“. (Frá 39. þingi Alþýðusambands Íslands, 2000)

Áherslur og helstu verkefni Alþýðusambands Íslands í menntamálum

Á 39. þingi ASÍ í nóvember 2000 voru settar fram áherslur og helstu verkefni í starfi Alþýðusambandsins að menntamálum. Þar liggur til grundvallar greining sambandsins á mikilvægi þekkingar og menntunar fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt.

Fyrir ASÍ sem heildarsamtök launafólks eru verkefni sambandsins í menntamálum margþætt og margt sem kallar að á hverjum tíma. Þar gegnir ASÍ ákveðnu samræmingar og samráðshlutverki inn á við gagnvart aðildarfélögum sínum og samböndum. Jafnframt er það hlutverk ASÍ að koma fram fyrir hönd aðildarsamtaka sinna út á við gagnvart samtökum atvinnurekenda, stjórnvöldum, fræðsluaðilum og í fjölþjóðlegu samstarfi þegar um er að ræða málefni sem varða launafólk almennt og verkalýðshreyfinguna í heild. Með þetta í huga hafa áherslur og helstu verkefni ASÍ á næstu mánuðum og missirum verið sett fram með eftirfarandi hætti:

ÁHERSLUR ASÍ

- Menntun í atvinnulífinu er sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni launafólks og atvinnurekenda enda eykst mikilvægi hennar stöðugt, fyrir einstaklingana, fyrirtækin og samfélagið í heild.
- Menntun er ævistarf – krafa um endurnýjun og viðhald þekkingar – símenntun.
- Mikilvægt er að samtök launafólks taki virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar.
- Leggja skal áherslu á að reynsla og hæfni sé metin til styttingar á námi.
- Efla þarf félagsmálafræðslu og menntun til að auka þekkingu og hæfni forystumanna og starfsmanna verkalýðshreyfingarinnar.
- Um leið og byggt er upp lifandi grunnmenntakerfi sem gefur öllu ungu fólki tækifæri til að búa sig undir líf og starf verður að tryggja fólki á vinnumarkaði rétt og aðstæður til að sækja sér endur- og eftirmenntun.
- Tryggja þarf nýbúum á Íslandi skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og vinnumarkaði. Leggja skal áherslu á að nýbúum standi til boða kennsla í íslensku og réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

HELSTU VERKEFNI ASÍ ERU AÐ:

- Vera virkur þátttakandi í umræðunni í samfélaginu um mikilvægi menntunar og kynna sjónarmið samtaka launafólks.
- Vera lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti, stefnumótun og upplýsingamiðlun verklýðshreyfingarinnar um sameiginlega þætti menntamála og koma fram fyrir hönd aðildarsamtaka sinna gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda í sameiginlegum málum.
- Vera lifandi vettvangur þar sem aðildarsamtökin miðla af reynslu og þekkingu hvert til annars og samræma sjónarmið sín og aðgerðir.

- Afla og miðla upplýsingum til aðildarfélaganna um stöðu og þróun menntamála á alþjóðavettvangi í gegnum alþjóðlega hreyfingu launafólks og í samstarfi við stjórnvöld, menntastofnanir og samtök atvinnurekenda.
- Efla fræðslu og þjálfun þeirra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir verkalyðshreyfinguna.
- Að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum stjórnvalda til að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun. – Ný tækifæri til náms.
- Vinna að því að réttur launafólks til aðgangs að símenntun og tækifæri til að nýta sér hana verði tryggð.

Sérstök athygli skal vakin á tveim síðustu punktunum sem settir eru fram sem helstu verkefni ASÍ í menntamálum. Hér er annars vegar um að ræða nýjar og hins vegar endurnýjaðar áherslur.

Nýtt tækifæri til náms felur í sér áherslu á að skapa fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun möguleika og tækifæri til að treysta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Hugmyndafræðin sem liggur til grundvallar er sú að gagnvart einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki getað nýtt sér grunnmenntakerfi samfélagsins og eru komnir út á vinnumarkaðinn, þá verði þeim skapað nýtt tækifæri. Þetta nýja tækifæri byggir á því að meta og viðurkenna þá þekkingu og færni sem einstaklingarnir hafa aflað sér um leið og þeim er gefinn kostur á að styrkja þá þætti þar sem þeir standa veikar.

Ljóst er að í löndunum í kringum okkur hafa verið farnar nokkuð ólíkar leiðir í þessum efnum. Af hálfu verkalyðshreyfingarinnar hefur öðru fremur verið litið til Noregs, þar sem mikill metnaður hefur verið lagður í að byggja upp og hrinda í framkvæmd áætlun um nýtt tækifæri til náms. Hvaða tæknilega útfærsla sem valin verður hér á landi við að hrinda hugmyndinni um nýtt tækifæri til náms í framkvæmd, mun árangurinn einkum ráðast af því hversu víðtækt og öflugt samstarf næst með aðilum vinnumarkaðarins, yfirvöldum menntamála í landinu og fræðsluaðilum, bæði innan hins formlega skólakerfis og utan. Ljóst er að þar geta fræðslustofnanir vinnumarkaðarins og símenntamiðstöðvar vítt og breytt um landið gegnt lykilhlutverki.

Áherslan á nýtt tækifæri til náms er einn angi af kröfunni um að réttur launafólks til aðgangs að símenntun og tækifæri til að nýta sér hana verði tryggð. Jafnframt leggur Alþýðusambandið áherslu á að þessi réttur og þessi tækifæri verði tryggð öllu launafólki með kjarasamningum og/eða löggjöf. Þetta er sama áherslan og Evrópusamband verkalyðsfélaga hefur sett fram í viðræðum aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og í samskiptum við Evrópusambandið. Í því sambandi skal áréttá að áherslan er tvíþætt, að skilgreina ótvíræðan rétt til símenntunar, en ulm leið er bent á að þessum rétti verði að fylgja forsendur fyrir launafólk, ekki síst fjárhagslegar til að notfæra sér þannan rétt.

Aðildarsamtökin gegna lykilhlutverki

Sjónarhornið hér að framan hefur verið að heildarsamtökin og hlutverk þeirra. Ljóst er að heildarsamtökin geta og eiga að vera vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar og gegna mikilvægu samræmingar- og samráðshlutverki inn á við og út á við, auk þess að sinna ákveðnum verkefnum sem þeim eru falin. Það er jafn ljóst að samtök starfs- og atvinnugreina eiga og munu áfram gegna lykilhlutverki í þróun og framkvæmd starfsmenntunar hér á landi.

Uppbygging og framkvæmd starfsmenntunar hér á landi hefur einkum byggst á frumkvæði og starfi samtaka launafólks og fyrirtækja í einstaka starfs- og atvinnugreinum. Þetta á jafnt við um formlega skólakerfið og uppbyggingu endur- og eftirmenntunar í atvinnulífinu. Þessi þróun hefur verið mikilvæg og æskileg af tveim ástæðum. Hún hefur byggt á samstarfi samtaka launafólks og fyrirtækjanna um sameiginlegt og mikilvægt hagsmunamál. Hún er svar íslensks atvinnulífs við þeim vanda sem mikill fjöldi ör- og smáfyrirtækja skapar þegar kemur að endur- og eftirmenntun.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að samstarf launafólks og atvinnurekenda í hinum ýmsu starfs- og atvinnugreinum verði áfram sá grunnur sem starfsmenntunin áframhaldandi uppbygging og þróun starfsmenntunar, innan skólakerfisins og utan, mun hvíla á. Um leið er mikilvægt að tryggja samstarf milli ólíkra greina, þar sem þær miðla af þekkingu sinni og reynslu. Þá er mikilvægt að sjá til þess að uppskipting eftir starfs- og atvinnugreinum hindri ekki eðlilega og nauðsynlega þróun í menntun og framboði hennar.

3. SAMSTARF SAMTAKA ATVINNUREKENDA OG LAUNAFÓLKS

STARFSMENNTARÁÐ

Vorið 1992 voru samþykkt frá Alþingi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Löggin voru afrakstur samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem miðaði að því að efla stefnumótun og auka stuðning við starfsmenntun í atvinnulífinu. Með þessum lögum var brotið blað í samvinnu stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks í starfsmenntamálum. Með lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu er þessu samstarfi í fyrsta sinn fundinn formlegur farvegur.

Markmið laganna er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu með því m.a. að stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi; að stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna; auka möguleika og bæta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði með því að gefa honum kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera hann um leið hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni; jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra er hafa notið lítillar eða enngar starfsmenntunar fyrir; greiða fyrir hreyfingu starfsmanna úr einni atvinnugrein í aðra eftir aðstæðum og horfum á hverjum tíma; mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga á atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa.

Markmiðum laganna skal náð með stuðningi við skipulega starfsmenntun í atvinnulífinu og með frumkvæði og mótun heildarstefnu um starfsmenntun í atvinnulífinu. Samkvæmt lögum heyrir starfsmenntun í atvinnulífinu undir félagsmálaráðuneytið (vinnumálaráðuneytið) og skipar félagsmálaráðherra sjö manna starfsmenntaráð með sex fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, auk fulltrúa félagsmálaráðherra, og fer starfsmenntaráð með framkvæmd laganna.

GRUNDVÖLLUR OG STARF STARFSMENNTARÁÐS 1992 – 2000

Að baki lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu er það haft að leiðarljósi að stefnumótun og framkvæmd starfsmenntunar í atvinnulífinu eigi að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins með þátttöku og stuðningi stjórnvalda. Þetta er sama sjónarmiðið og síðar var áréttað varðandi grundvallarstarfsmenntun í lögum um framhaldsskóla og hefur ráðið uppbyggingu og vexti fræðslustofnana og fræðslusjóða starfs- og atvinnugreinanna.

Fyrstu árin í starfsemi starfsmenntaráðs einkenndust af því að verið var að móta og þróa starfshætti ráðsins. Starfið fólst einkum í því að deila út þeim fjármunum sem ráðið hafði árlega til ráðstöfunar úr starfsmenntasjóði skv. fjárlögum og þróa stjórnvísu varðandi

umsóknir og uppgjör styrkja úr sjóðnum. Starfsmenntaráð hafði í upphafi um 48 milljónir kr. til ráðstöfunar árlega og hefur sú fjárhæð vaxið nokkuð undanfarið.

Allt til ársins 2000 byggðust úthlutanir úr starfsmenntasjóði fremur á því að bregðast við frumkvæði og umsóknum fræðsluaðila um stuðning við uppbyggingu og rekstur starfsmenntunar fremur en ráðið sjálft setti fram ákveðnar línur eða ábendingar. Við úthlutanir úr starfsmenntasjóðnum var jafnframt mótuð sú stefna að fjármunir úr starfsmenntasjóði stuðluðu að nýsköpun og nýjungum í starfsmenntun í atvinnulífinu. Þá var lögð áhersla á að stuðla að uppbyggingu og framboði starfsmenntunar fyrir þá hópa launafólks sem höfðu notið lítillar viðurkenndrar eða formlegrar starfsmenntunar.

Þessi stefna ráðsins þýddi í framkvæmd að ef aðilar réðu yfir fræðslusjóði eða ættu kost á fjármagni annars staðar frá þá veitti starfsmenntaráð eingöngu styrki til náms- og kennslugagnagerðar. Ef viðkomandi aðilar höfðu hins vegar ekki aðra fjármögnunarkosti voru einnig veittir styrkir til námskeiðahalds. Starfsmenntaráð beindi því jafnframt til þessara aðila að til framtíðar væri nauðsynlegt að atvinnulífið sjálft kostaði rekstur námskeiða, enda fjármunir starfsmenntasjóðs takmarkaðir. Þessi stefna ráðsins var kynnt á árlegum fundi með viðskiptaaðilum, auk þess sem haldinn var sérstakur fundur með fulltrúum sveitarfélaga og stéttarfélögum starfsmanna þeirra um þetta efni.

Á árunum 1992 til ársloka 1999 voru veittar um 398 milljónir króna til fleiri en 550 starfsmenntaverkefna sem hafa að markmiði að efla hæfni starfsfólks og styrkja stöðu atvinnugreina og fyrirtækja hér á landi.

Taflan hér að neðan sýnir úthlutanir árána 1995-1999 í tölum.

Ár	Fjöldi umsækjenda	Fjöldi verkefna	Alls sótt um í kr.	Styrk-þegar	Úthlutað	Verkefni
1995	32	90	96.060.482	21	43.501.000	46
1996	49	130	141.033.822	29	47.495.614	67
1997	55	138	162.178.261	31	45.652.821	69
1998	59	170	201.759.158	40	63.000.387	106
1999	77	245	276.757.462	53	55.750.000	101

STEFNUMÓTUN STARFSMENNTARÁÐS ÁRÍÐ 2000 – NÝJAR ÁHERSLUR

Á þeim tæpa áratug sem liðinn er frá því lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu voru sett hafa miklar breytingar orðið á því umhverfi sem starfsmenntaráð starfar í. Þróun atvinnulífsins hefur einkennst af stórstígum tækniframförum, breytingum á skipulagi starfsemi fyrirtækja og stofnana og þeim störfum sem þar eru unnin. Sama gildir um starfsumhverfið sem einkennist æ meira af alþjóðlegum samanburði, samstarfi og samkeppni.

Samhliða hefur einnig orðið mikil breyting á uppbyggingu og framboði á starfsmenntun hér á landi. Lög um framhaldsskóla frá árinu 1996 hafa þegar sett mark sitt á framboð á starfsmenntun á framhaldsskólastigi og skapað skilyrði fyrir enn frekari uppbyggingu grunnstarfsmenntunar í framtíðinni.

Hraðar breytingar í íslensku atvinnulífi og umhverfi þess krefjast þess að þeir sem þjóna atvinnulífinu, þ.m.t. starfsmenntaráð, endurmeti stefnu sína og alla starfshætti. Að sönnu hefur starfsemi ráðsins tekið ýmsum breytingum og hún þróast á undanförunum árum. Það var engu að síður mat starfsmenntaráðs haustið 1999 að eðlilegt væri að taka alla stefnu og starfshætti ráðsins til gagnerrar endurskoðunar með það að markmiði að laga starfsemina sem best að breyttum þörfum atvinnulífsins; fyrirtækja og stofnana og þeirra sem þar starfa og þróuninni í næstu framtíð. Mikilvægur þáttur í þessari endurskoðun var að gera starfshætti ráðsins markvissari og stjórnsýslu gagnsærri gagnvart viðskiptavinum starfsmenntaráðs.

Árangurinn af stefnumótunarvinnu ráðsins var kynntur á opnum fundi ráðsins í byrjun árs 2000. Í áherslunum sem fengu heitið STARFSMENNT 2000 var lagður grunnur að starfi og stefnumótun á vettvangi starfsmenntaráðs til næstu framtíðar. Ekki er um að ræða endanlega eða tæmandi úttekt á stöðu starfsmenntamála eða framtíðarsýn. Þvert á móti var STARFSMENNT 2000 ætlað að vera í stöðugri endurskoðun og þróun, eftir því sem aðstæður breytast og þekkingu á þörfum fyrirtækja, einstaklinga og samfélagsins alls fyrir starfsmenntun vindur fram.

Þar er að finna greiningu starfsmenntaráðs á viðskiptavinum ráðsins, þörfum þeirra og þjónustu sem þeir kalla eftir. Þar er að finna framtíðarspá um þróun atvinnulífsins og starfsmenntunar og gerð grein fyrir stefnu og framtíðarsýn starfsmenntaráðs. (Sjá nánar www.starfsmenntarad.is)

Á grunni STARFSMENNTAR 2000 setur starfsmenntaráð síðan fram megináherslur sínar um „Hlutverk og stefnu“ ráðsins á næstu missirum. Þar segir:

„Hlutverk starfsmenntaráðs er að stuðla að fjölbreytni og hreyfanleika á vinnumarkaði með því að gera starfsfólki kleift að þróast með starfi sínu og nýta sér ný starfstækifæri og fyrirtækjum kleift að mennta starfsfólk sitt og ráða nýtt starfsfólk til sífellt flóknari viðfangsefna.

Starfsmenntaráð mun með markvissum vinnubrögðum ýta undir nauðsynlega þróun til þess að mæta breyttum kröfum með því að:

- Hafa frumkvæði að mótun heildarstefnu starfsmenntamála og skapa þannig stuðning við heildarlausnir og háþrækun samlegðar af þeim fjármunum og kröftum sem varið er til starfsmenntamála.*

Samhliða stefnumótun starfsmenntaráðs voru einnig verið gerðar verulegar breytingar á áherslum og verklagi við ráðstöfun fjármuna starfsmenntaráðs við úthlutun árið 2000.

Ákveðið var að skipta fjármunum starfsmenntasjóðs í þrjá hluta, auk fjármuna sem ráðstafað var til reksturs starfsmenntaráðs. Stærstum hluta var varið í hefðbundnar úthlutanir, sbr. lýsinguna hér að framan. Nú voru hins vegar settar fram ákveðnar áherslur í auglýsingunni um úthlutun, þar sem fram kom að þau verkefni sem byggðust á samstarfi fleiri aðila hefðu að jafnaði forgang og sama gildi um verkefni sem auðvelduðu fólki á landsbyggðinni að sækja sér starfsmenntun. Þá var myndarlegri fjárhæð varið til nokkurra þróunarverkefna. Loks var nokkurri fjárhæð varið til rannsókna og kynningarstarfs um mikilvægi starfsmenntunar.

STARFSMENNTARÁÐ – STAÐAN NÚ

Í framhaldi af stefnumótun starfsmenntaráðs árið 2000 og reynslu af úthlutun úr starfsmenntasjóði það ár ákvað starfsmenntaráð haustið 2000 að fylgja stefnumótunarvinnunni eftir enn frekar með því að meta reynsluna sem fengist hafði og þá þróun sem síðan hafði orðið á sviði starfsmenntunar, m.a. í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 2000.

Með þessari ákvörðun hefur starfsmenntaráð stigið það skref til fulls, sem að hefur verið stefnt síðustu ár, þ.e. að hafa frumkvæði varðandi úthlutun fjármuna úr starfsmenntasjóði og hafa með þeim hætti mótandi áhrif á þróun starfsmenntunar hér á landi.

Nú er tæpur áratugur frá því að lög um starfsmenntun í atvinnulífinu tóku gildi. Á þessum árum hefur íslenskt samfélag og atvinnulífið tekið stórstígum breytingum og framþróun. Á sama tíma hefur skilningur á mikilvægi öflugrar starfsmenntunar fyrir launafolk og fyrirtæki aukist til mikilla muna. Nú er svo komið að samtök fyrirtækja og verkalýðshreyfingin hafa samið um fjármögnun starfsmenntunar og mörg þeirra hafa jafnframt staðið að umfangsmikilli uppbyggingu starfsmenntunar fyrir viðkomandi starfs- og atvinnugreinar. Þá hefur framboð ýmissa aðila annarra á starfsmenntun farið vaxandi á sama tíma.

Lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu og starfsemi starfsmenntaráðs hafa skilað reynsla og þekkingu sem mikilvægt er að nýta í framtíðinni.

Annars vegar hefur reynslan sýnt að heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa vilja og getu til að starfa saman og móta sameiginlega, í samstarfi við stjórnvöld, stefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu sem nýtist við stefnumótun stjórnvalda á þessu sviði og útteilingu opinberra fjármuna.

Hins vegar hefur starfsmenntaráð þróað starfshætti við að deila út opinberu fé til starfsmenntunar í atvinnulífinu sem mótast af skýrri og opinni stjórnsýslu og nútímalegri framkvæmd.

Þetta tvennt ætti að koma að góðu gagni við áframhaldandi starf að málaflokkinum.

SAMSTARFSNEFND OG STARFSGREINARÁÐ

SAMSTARFSNEFND UM STARFSNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi (SAMSTARF) er ráðgefandi nefnd menntamálaráðuneytisins um stefnumótun í starfsnámi á framhaldsskólastigi og starfar skv. lögum nr. 80/1996. Í nefndinni sitja 18 fulltrúar, flestir tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launafólks.

Í kjölfar lagasetningarinnar mótaði samstarfsnefndin tillögur að 14 starfsgreinaráðum og skyldi hvert vera móta stefnu fyrir sinn starfsgreinaflokk. Vinna flestra starfsgreinaráðanna hófst 1998 og hefur starfsemi þeirra yfirleitt gengið að óskum. Þau sem lengst eru komin hafa lokið námskrágerð fyrir sína starfsgreinaflokka. Sum starfsgreinaráðanna kusu að semja við starfandi endurmenntunarstofnanir um að vinna verkefni fyrir sig. Sameiginlegur skilningur starfsgreinaráða, endurmenntunarstofnana og ráðuneytis er sá að með þessum hætti séu kraftar samnýttir og fjármunum vel varið.

Samstarfið við menntamálaráðuneytið hefur gengið vel að því leyti að greiðlega hefur gengið að taka yfir verkefnasvið frá ráðuneytinu. Hins vegar er ljóst að starfræksla starfsgreinaráðanna er umfangsmikil og mun vaxa með aukinni áherslu á nauðsyn fyrir atvinnulífstengda menntun. Ljóst er að taka verður tillit til þessarar staðreyndar í framtíðinni.

Að frumkvæði fulltrúa atvinnurekenda og launafólks í SAMSTARFI hefur menntamálaráðherra lagt drög að nýju starfsfyrirkomulagi SAMSTARFS. Sérstök verkefnisstjórn hefur verið skipuð sem vinna skal tillögur að tilteknum verkefnum SAMSTARFS. Samið hefur verið við MENNT um að annast þjónustu við SAMSTARF. Vonir standa til að breyttir og skipulegri starfshættir SAMSTARFS skili sér í markvissara starfi.

Brýnt er að þróa áfram það fyrirkomulag starfsmenntunar sem staðfest er í lögum um framhaldsskóla frá 1996. Fullyrða má að þau lög séu markverðasta framfaraspor í starfsmenntun sem stigið hefur verið í langan tíma. En góð lög tryggja ekki farsæla framkvæmd. Það er því eitt af forgangsverkefnum starfsgreinaráðanna á næstu missirum að halda áfram að skilgreina hvert sitt verkefnasvið og treysta og einfalda samskiptin við menntamálaráðuneytið.

STARFSGREINARÁÐ

Í lögum um framhaldsskóla frá 1996 er kveðið á um starfsemi starfsgreinaráða. Þeim er ætlað að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms. Þau gera einnig tillögur að skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um vinnustaðanám. Ráðin eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um

breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla tilnefndi VSÍ 64 aðal- og varamenn í 14 starfsgreinaráð sem menntamálaráðherra skipar í til fjögurra ára. Við tilnefninguna var haft samráð við aðildarsamtök, aðildarfélag og aðildarfyrirtæki VSÍ. Starfsgreinaráðin eru 14 og eru fulltrúar atvinnurekenda í þeim nefndir í kafla 1.7 hér að framan.

Starf starfsgreinaráðanna er mjög mismunandi. Ljóst er að enn vantar nokkuð á að starfsrammi ráðanna sé fullmótaður þrátt fyrir lagarammann. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt sérstaka fjárveitingu til starfa hvers ráðs fyrir sig. Starfsgreinaráðin, sem lengst eru komin í starfi sínu, lofa góðu og því hefur það verið ásetningur atvinnulífssamtakanna, bæði SA og ASÍ, að víkja ekki af leið.

Hjá starfsgreinaráðum í málm-, bygginga-, prent- og rafiðnaðargreinum hefur á undanförunum missirum verið unnið mikið við námskrágerð. Vel hefur gengið að forma starfshætti starfsgreinaráðanna í samvinnu við menntamálaráðuneytið og koma því á fastan grunn en vinnan hins vegar gengið mishratt.

Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks sitja í starfsgreinaráðunum á ábyrgð heildarsamtakanna án þess að þiggja beina þóknun fyrir. Ávinningur fulltrúa atvinnulífsins hefur fyrst og fremst verið talinn fólgin í þeim tækifærum sem fulltrúar fyrirtækjanna hafa til að móta starfsmenntun á framhaldsskólastigi að þörfum eigin starfsgreina og fyrirtækja. Fyrirtækin hafa þannig séð af starfsmönnum til setu í starfsgreinaráðum í vinnutíma.

MENNT – SAMSTARFSVETTANGUR ATVINNULÍFS OG SKÓLA

Innan samtaka atvinnurekenda og launafólks hefur verið vaxandi umræða um nauðsyn þess að koma á fót samstarfsvettvangi ólíkra aðila um menntun í atvinnulífinu án beinnar aðildar stjórnvalda. Ástæðurnar eru einkum tæknilegar og rekstrarlegar breytingar í starfsumhverfi fyrirtækja og starfsmanna. Með aukinni tæknivæðingu hafa störf orðið flóknari og starfshæfni því orðið forsenda fyrir aukinni hagsæld einstaklinga og atvinnulífs. Þessi staða hefur kallað á markvissara samstarf og aðgerðir á sviði starfsmenntamála, bæði hvað varðar lögboðna menntun og endurmenntun. Mennt var stofnað 1998 sem samstarfsvettvangur atvinnurekenda, launþega, framhaldsskóla, háskóla og endurmenntunarstofnana atvinnulífsins um samstarf atvinnulífs og skóla.

Markmið MENNTAR er að vera samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla á sviði menntunar. Mennt vinnur að markmiði sínu með því að:

- Efla menntun einstaklingsins og lífshamingju hans.
- Stuðla að öfluggu atvinnulífi þar sem framsýni, þróun og aðlögunarhæfni eru sett í öndvegi með menntun við hæfi.
- Efla samkeppnishæfni og framleiðni fyrirtækja.

- Að efla hæfni starfsmanna og treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði.
- Að efla starf skóla og annarra fræðslustofnana.

MENNT er vettvangur fyrir samræður aðila vinnumarkaðarins og skóla um menntamál. MENNT er þjónustu- og framkvæmdaraðili fyrir fyrirtæki, félög, skóla og aðrar fræðslustofnanir. MENNT annast söfnun og miðlun upplýsinga um þekkingu og framboð á menntun fyrir atvinnulífið. MENNT vinnur að gagnkvæmri yfirfærslu þekkingar og færni milli atvinnulífs og skóla. MENNT tekur þátt í innlendum og erlendum samstarfsáætlunum og verkefnum. MENNT aðstoðar við skipulagningu og framkvæmd verkefna einstakra hópa.

Starfsemi MENNTAR hefur dafnað vel fyrstu þrjú starfsárin og verkefnið reynst fjölmörg. Starfið snýst um uppbyggingu og þróun menntunar á framhalds-, háskóla- og endurmenntunarstigi.

Fyrst má telja söfnun og dreifingu upplýsinga. Ýmis verkefni eru unnin í þessum tilgangi, s.s. hönnun og uppbygging upplýsingavefs um námsframboð á Íslandi, samstarf við upplýsingamiðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar (CEDEFOP) og virk þátttaka í evrópskum samstarfsnetum eins og Samstarfsnet jaðarsvæða í Evrópu (EREN) og Evrópskt samstarfsnet um viðskiptamenntun fyrir lítil og millistór fyrirtæki (BENE).

Í öðru lagi þjónar MENNT þeim sem hafa áhuga Evrópusamstarfi. Hér má nefna þjónustu vegna Leonardo da Vinci II starfsmenntaáætlunarinnar, námsferðir CEDEFOP og Europass.

Í þriðja lagi vinnur MENNT verkefni fyrir stjórnvöld og aðra aðila eða eigin verkefnum sem styðja við starf menntageirans í heild. Dæmi um slík verkefni eru Dagur símenntunar, fundir og ráðstefnur eins og um notkun netsins í skólastarfi (UT 2001) og samantektir um stöðu menntunar.

Í fjórða lagi stuðlar MENNT að samstarfi þeirra aðila sem koma að menntamállum. Haldnar eru ráðstefnur og fundir þar sem félagsaðilar kynna starfsemi sína og verkefni. Starfandi eru samstarfshópar þar sem unnið er að sameiginlegum hagsmunamálum og jafnframt fylgist MENNT með því sem einstakir aðilar eru að vinna að og tengir þannig aðila með lík áhugamál.

ENDURMENNTUNARSAMSTARF Í ATVINNULÍFINU

ENDURMENNTUNARSTOFNANIR IÐNAÐARINS

Iðnaðarmenn voru leiðandi í félags-, mennta- og menningarstarfsemi hér á landi á 19. öld. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík rak kvöld- og sunnudagaskóla fyrir iðnaðarmenn sem þróaðist í reglulegan iðnskóla sem stofnaður var 1904. Til staðfestingar ásetningi sínum um að efla iðnmenntun byggðu iðnaðarmenn veglegt hús yfir skólann,

Iðnaðarmannahúsið við Vonarstræti. Grunnmenntun iðnaðarmanna færðist á miðri 20. öld yfir á herðar ríkisins en þrátt fyrir það hafa iðnaðarmenn ætíð haft vakandi auga með menntaþörf eigin iðngreina. Með aukinni tækniþróun hefur þörfin fyrir endur- og eftirmenntun iðnaðarmanna aukist. Með tímanum hefur orðið þegjandi samkomulag um að hið opinbera skólakerfi sinni grunnmenntuninni, kennslu í þeim þáttum sem lítið breytast, en atvinnulífið sinni endur- og eftirmenntun og sé þannig í fararbroddi í að leiða inn nýjungar og tækni og aðferðir einstakra iðngreina.

Endurmenntunarstofnanir iðnaðarins hafa flestar orðið til í umhverfi löggiltra iðngreina á seinustu 20 árum, flestar eftir 1990. Þær rekja upphaf sitt til samkomulags meistara og sveina í iðnaði um sk. eftirmenntunarnefndir iðngreina sem komið var á fót í sumum greinum með sérstöku fjárframlagi um og eftir 1970. Eftirmenntunarnefndirnar hófu síðan samstarf sem þróaðist í sérstakar endurmenntunarstofnanir iðnaðarins: Fræðslumiðstöð bílgreina, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina, Fræðsluráð málmiðnaðarins, Menntafélag byggingariðnaðarins, Prenttæknistofnun og Rafiðnaðarskólinn. Tvær síðastnefndu stofnanirnar reka saman Margmiðlunarskólann. Samtök atvinnurekenda og launafólks í rafiðnaði reka Viðskipta- og tölvuskólann og Tölvuskóla Reykjavíkur í samvinnu við aðra. Samanlögð velta þessara stofnana var rösklega 500 m. kr. árið 1999.

Tilgangur endurmenntunarstofnana iðnaðarins hefur frá upphafi verið að koma á framfæri nýjustu þekkingu og færni til þess að efla samkeppnishæfni fyrirtækjanna og styrkja faglega stöðu starfsmanna. Kjölfesta þessara stofnana er samningur milli atvinnurekenda og launþega um tiltekið fjárframlag sem er hlutfall af launum eða föst krónutala sem tekur breytingum í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Hlutfallið er lægst milli 0,2-0,3% en getur orðið allt að 1% af launum starfsmanna. Starfsemi endurmenntunarstofnananna er öflugust og framfarir fyrirtækja í viðkomandi greinum hraðastar þar sem mestu fé er varið til sí- og endurmenntunar.

Starfsmenntasjóður hefur styrkt einstök verkefni endurmenntunarstofnana iðnaðarins. Sjóðurinn hefur með þessum hætti gert endurmenntunarstofnunum kleift að styðja við bakið á nýrri tækni og framleiðsluaðferðum í iðnaði.

Starfsemi endurmenntunarstofnana iðnaðarins hefur eflst mikið á síðustu árum. Stærstur hluti starfseminnar felst í námskeiðahaldi, sérstaklega fyrir félagsmenn og –fyrirtæki stofnananna. Sumar endurmenntunarstofnanirnar hafa þó fært út starfsemina með því að reka námskeið fyrir almenning. Stefnumótandi hlutverk þeirra hefur vaxið. Þær hafa tekið að sér ýmis verkefni í verktöku, t.d. tekið yfir sumt af starfsemi menntamálaráðuneytisins (s.s. umsýslu námssamninga og þjónustu við starfsgreinaráð).

Hlutverk endurmenntunarstofnana iðnaðarins sem boðberi nýjunga í tækni og starfsaðferðum hefur reynst kostnaðarsamt. Það hefur reynst skipta sköpum að starfsmenntasjóður starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins hefur styrkt sum námskeið stofnananna, sérstaklega þau sem fela í sér nýjungar.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ BÍLGREINA

Fræðslumiðstöð bílgreina var stofnuð um haustið 1999 en hún byggir tilvist sína á Fræðsluráði bílgreina sem starfaði óslitið frá 1988 með sérstöku samkomulagi atvinnurekenda og launþega um fræðslusjóðsgjald. Á áttunda áratugnum ráku Bílgreinasambandið og Félag bifvélavirkja námskeið í óformlegu samstarfi. Fræðslumiðstöð bílgreina þjónar bifreiðaiðnaðinum á Íslandi um eftirmenntun. Á undanförunum árum hefur tækjakostur til kennslu í bíliðngreinum verið endurnýjaður af miklum myndarbrag. Í júlí 2001 flytur Fræðslumiðstöð bílgreina í nýtt húsnæði sem sniðið er að eftirmenntun og meistaranámi í bílgreinum.

FRÆÐSLURÁÐ HÓTEL- OG MATVÆLAGREINA

Hlutverk og megingilgangur Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina er að stuðla að bættri menntun og hæfni starfsmanna í hótél- og matvælagreinum, að auka gæði og framleiðni og bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja og stuðla þar með að bættem lífskjörum.

Hlutverki sínu nær FHM m.a. með eftirfarandi hætti:

- Að móta og hafa áhrif á stefnu og framkvæmd menntamála á sviði hótél- og matvælagreina.
- Skipulagningu námskeiða.
- Gerð námskeiða-, fjárhags- og verkefnaáætlunar fyrir hvert ár.
- Að sækja um styrki til opinberra aðila. Annast uppgjör og skýrslugerð vegna þeirra.
- Að fá upplýsingar um alþjóðlega styrki og samstarfsverkefni, t.d. á vegum Evrópusambandsins, og koma upplýsingum um slíkt til aðila FHM.
- Að móta stefnu og skipuleggja þátttöku í fagkeppni nema, innanlands og erlendis, í samvinnu við fagfélögin.
- Að efla tengsl við innlendar og erlendar fræðslustofnanir og sækja til þeirra viðurkennt námsefni til menntunar og þjálfunar.
- FHM tengir saman starf Starfsgreinaráðs matvæla- og veitingagreina, fagnefnda og ráðgjafarnefnda í matvælagreinum og skóla og stuðlar að því að gengið sé frá verkefnum til menntamálaráðuneytisins og annarra aðila.

FRÆÐSLURÁÐ MÁLMÍÐNAÐARINS

Fræðsluráð málmiðnaðarins var stofnað 1987 með samkomulagi milli Samiðnar og Samtaka iðnaðarins og er sameiginlegur vettvangur til stefnumótunar og framkvæmda í fræðslu og starfsmenntun málmiðngreina.

Markmið samkomulagsins er að bæta samkeppnishæfni og auka tækniþekkingu í málmiðnaði og netagerð með því að:

- Efla menntun og hæfni starfsmanna sem leiðir til aukinnar framleiðni og betri líf skjara.

- Vinna að betra fagnámi og stöðugri þróun starfsmenntunar m.a. með miðlun nýrrar tækniþekkingar innan starfsgreinanna.
- Stuðla að jákvæðu viðhorfi til starfsgreinanna og treysta samkeppnisstöðu þeirra í tæknivæddu samfélagi þjóða.

MENNTAFÉLAG BYGGINGARIÐNAÐARINS

Menntafélag byggingariðnaðarins var stofnað 1996 og er framhald af Fræðsluráði byggingariðnaðarins og endurmenntunarnefndum í byggingariðnaði. Menntafélag byggingariðnaðarins er samstarfsvettvangur fyrirtækja og starfsmanna á sviði mannvirkjagerðar, þ.m.t. verktaka- og byggingariðnaðar og jarðvinnustarfsemi um menntun. Félagið eflir menntun og þjálfun starfsfólks og skilning opinberra aðila og almennings á mikilvægi öflugrar bygginga- og mannvirkjagerðar fyrir samfélagið og einstaklinginn.

Meginmarkmið Menntafélags byggingariðnaðarins eru:

1. Að efla samkeppnishæfni og framleiðni fyrirtækja á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar.
2. Að efla hæfni starfsmanna til þess að hafa betra vald á starfi sínu og starfsumhverfi og auka framtíðarmöguleika þeirra á vinnumarkaði.
3. Að efla ímynd innlendar mannvirkjagerðar og auka traust viðskiptavina til starfsmanna, meistara og fyrirtækja.
4. Að beita sér fyrir varðveislu eldri og hefðbundinna vinnuaðferða og handverks.

PRENTTÆKNISTOFNUN

Prenttæknistofnun var sett á fót sumarið 1991. Eigendur eru Samtök iðnaðarins og Félag bókagerðarmanna. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að:

- Gefa starfsmönnum kost á að auka verkþekkingu sína og til að kenna þeim ný vinnubrögð í nýrri tækni.
- Þjóða þeim nám vegna sérhæfðra starfa.
- Gefa þeim kost á að rifja upp nám og bæta þeim upp grunnmenntun hafi henni verið ábótavant.
- Að stuðla að bættri grunnmenntun í bókagerðargreinum með námskeiðum fyrir kennara, námskrárgerð, eftirliti og öðrum skyldum verkefnum samkvæmt nánara samkomulagi við yfirvöld menntamála.

Að þessum markmiðum hefur verið unnið með góðum árangri. Á hverju ári er haldinn fjöldi námskeiða sem hafa verið vel sótt af starfsfólki í prentiðnaðinum. Einnig eru haldnar reglulega ráðstefnur, kynningar og lengri námskeið. Leiðbeinendur hafa oft verið erlendir sérfræðingar. Haustið 1998 setti Prenttæknistofnun á laggirnar Margmiðlunarskólann sem síðan sameinaðist margmiðlunarnámi Rafiðnaðarskólans í

janúar 2000. Einnig hefur Prenttæknistofnun tekið virkan þátt í mótun nýrrar námsskrár í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.

RAFIDNAÐARSKÓLINN

Rafiðnaðarmenn hafa byggt upp og rekið umfangsmikið eftirmenntunarkerfi síðan 1975. Eftirmenntunarnefndir rafiðna og rafeindavirkja stofnuðu Rafiðnaðarskólann 20. september 1985. Lengst af báru nefndirnar ábyrgð á fræðslustarfinu. Árið 1993 var formlega stofnað til skólanefndar Rafiðnaðarskólans sem ber ábyrgð á starfsemi. Frá árinu 1985 hefur tölvukennsla við skólann orðið æ umfangsmeiri með ári hverju. Tölvukennslan er ætluð almenningi og er fólgin í námi og námskeiðum ýmist ætluðu byrjendum eða sérfræðingum. Fagnámskeiðin eru ætluð rafiðnsveinum eða fólki sem hefur grunnmenntun á sviði viðkomandi námskeiðs.

MARGMIÐLUNARSKÓLINN

Margmiðlunarskólinn var stofnaður í ársbyrjun 2000 af Prenttæknistofnun og Rafiðnaðarskólanum. Tilgangur Margmiðlunarskólans er að búa fyrirtæki og einstaklinga undir breytingar á sviði útgáfu- og miðlunartækni og örva þannig nýsköpun í atvinnulífinu.

Inntökuskilyrðin eru almenn góð kunnátta á tölvur og umhverfi tengt margmiðlun. Sá sem lýkur námi í Margmiðlunarskólanum á að vera hæfur til að skila gögnum hvort sem er á prentmiðli, margmiðli og sjón- eða hljóðmiðli. Skólinn sinnir einnig styttra námi; endurmenntun og símenntun.

STARFSFRÆDSLUNEFND FISKVINNSLUNNAR

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar var komið á laggirnar í kjarasamningum árið 1986 og eru aðstandendur hennar nú Samtök atvinnulífsins, Starfsgreinasambandið og sjávarútvegsráðuneytið sem kostar starfsemina að mestu leyti. Með samningunum 1986 var í fyrsta sinn samið um starfsfræðslunámskeið sem verkafólk átti rétt á að sækja að afloknum ákveðnum reynslutíma í starfi. Hlutverk nefndarinnar er að halda 40 klst. grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, en þau hafa verið í stöðugri endurskoðun þann tíma sem nefndin hefur starfað. Auk þess stendur nefndin fyrir námskeiðum af ýmsu tagi fyrir fiskvinnslufólk og verkstjóra í fiskvinnslufyrirtækjum, gefur út námsefni og kynningarbæklinga um sjávarútveg og stuðlar að aukinni gæðavitund starfsfólks í sjávarútvegi með ýmsum hætti. Þá skipuleggur nefndin árlegt Íslandsmót í handflökun.

STARFSFRÆDSLUNEFND IÐNVERKAFÓLKS

Starfsfræðslunefnd iðnverkafólks var komið á með samningum seint á níunda áratugnum. Markmið nefndarinnar er að vinna almennt að fræðslumálum iðnverkafólks. Nefndin hefur staðið fyrir allmörgum námskeiðum, yfirleitt með tilstyrk starfsmenntasjóðs og hefur Iðntæknistofnun verið verkstjóri þeirra. Námskeiðum starfsfræðslunefndar hefur

fækkað síðustu missirin enda má segja að nýtt og víðtækara samstarf hafi tekið við verkefni nefndarinnar, þ.e. Starfsafl og Landsmennt. Ákveðið hefur verið að færa starfsemi Starfsfræðslunefndarinnar undir Starfsafl og Landsmennt.

EFTIRMENNTUN VÉLSTJÓRA

Markmið Eftirmenntunar vélstjóra er að byggja upp öfluga menntastofnun sem fullnægir á hverjum tíma þörfum atvinnulífsins og vélstjóra til að takast á við sífellt fjölbreyttara starfsumhverfi og aukna þörf fyrir sérfræðimenntun. Eftirmenntun vélstjóra hefur undanfarin ár haldið námskeið og gefið út námsgögn til þess að ná markmiðum sínum.

AÐGERÐIR Í MÁLEFNUM ÓFAGLÆRÐRA

Sumarið 2000 sömdu SA og samtök launafólks innan ASÍ um að ýta úr vör samstarfi um menntun ófaglærðra. Verja skyldi tilteknum fjárhæðum í þrjú ár til verkefnisins. Ákveðið var að efna til tvenns konar samstarfs í þessu skyni; SA og Flóabandalagið stofnuðu Starfsafl og SA og Verkamannasambandið / Starsfsgreinasambandið stofnuðu Landsmennt. Hvort tveggja samstarfið er í samræmi við sömu samninga og sömu reglugerðir. Meðal markmiða Starfsafls og Landsmenntar er eftirfarandi:

- Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.
- Leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun. Þannig verði stuðlað að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi fyrir ófaglærða starfsmenn.
- Kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks.
- Leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.
- Styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis.
- Styrkja rekstur námskeiða.
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar.

Auk hvors tveggja ofangreinds samstarfs sömdu SA og VR um stofnun hliðstæðrar starfsemi fyrir starfsfólk í verslun, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Hann er ætlaður öllu verslunarfólki, hvort sem það er fagmenntað eða ekki.

VERKSTJÓRNARFRÆÐSLAN OG VERKSTJÓRANÁMSKEIÐ

Verkstjórnarfræðslan er starfrækt samkvæmt lögum nr. 49/1961. Markmið hennar koma ekki skýrt fram í lögnum, hins vegar er ákvæði um hverjir beri ábyrgð á því að móta námið og setja fram kröfur um kunnáttu. Fullyrða má að lögin um verkstjórnarfræðsluna séu barn síns tíma og tímabært orðið að taka þau til endurskoðunar í ljósi þess hve verkstjórn á vinnustað er mikilvægur hluti starfsemi fyrirtækja.

Þróun verkstjórnar hefur verið áhuga- og áhyggjuefni atvinnulífsins undanfarin ár. Sérstök stefnuyfirlýsing um fræðslumál og þjálfun verkstjóra fylgir með samningum atvinnurekenda og launafólks árið 2000. Þar segir m.a.:

„Stefnt er að því að auka hæfni verkstjóra á hverjum tíma svo þeir geti gegnt hlutverki sínu í fyrirtækjum, sem sífellt þurfa að auka framleiðni, bæta gæði, fylgja örri tækniþróun og breytingum á mörkuðum.

Til þess að verkstjórar geti staðist hæfniskröfur í innlendri og alþjóðlegri samkeppni eru aðstandendur þessarar stefnuyfirlýsingar sammála um nauðsyn þess að vinna skipulega og sífellt að öflugu og virku fræðslustarfi fyrir þá. Fræðsla og starfsþjálfun verkstjóra þarf að taka bæði til stjórnunarlegra og faglegra þátta svo og réttinda þeirra og skyldna.

Á sama hátt og verkstjórar gegna lykilhlutverki við skipulag verka og stjórnun starfsmanna gegna þeir jafnframt þýðingarmiklu hlutverki við skipulag verka og stjórnun starfsmanna. Þeir gegna einnig þýðingarmiklu hlutverki við að skilgreina hæfniskröfur, sem starfsmenn þeirra þurfa að standast hverju sinni og stuðla að því að þeir fái fræðslu og þjálfun til þess að standast þær.“

5. SAMSTARF ATVINNUREKENDA, LAUNAFÓLKS OG HÁSKÓLA

Sóknarfæri í samvinnu háskóla og atvinnulífs

Með lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla voru möguleikar atvinnulífsins til að hafa áhrif á stefnumótun framhaldsskólakerfisins verulega auknir. Lög um háskóla nr. 136/1997 eru hins vegar afar snauð af áherslum atvinnulífsins. Á undanförunum missirum hefur eftirspurn eftir þjónustu háskólastigsins við íslenskt atvinnulíf stóraukist. Viðurkennt er að rétt menntun er arðbær fjárfesting bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og þjóðfélag. Ekki þarf að orðlengja að vöxtur og viðgangur fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á þekkingu er mikill. Krafa atvinnulífsins um háskóla sem sinna þörfum atvinnulífsins og eru reiðubúnir að laga sig að breytilegum kröfum samtímans er því bæði skiljanleg og raunar ofureðlileg.

Af hálfu atvinnulífsins hefur verið lögð áhersla á að hvort tveggja hlutverk háskóla og rannsóknastofnana, sem vísindalegra stofnana (vísindi vísinda vegna) og sem drifkraftur nýrrar tækni og aðferða (vísindi hagnýtingarinnar vegna), sé mikilvægt. Atvinnulífinu hefur hins vegar virst að háskólastigið hafi fremur lagt áherslu á vísindi vísindanna vegna en minna sinnt hagnýtu hlutverki sem leiðandi afl við að innleiða nýja tækni og aðferðir í atvinnulífið.

Ýmis teikn eru á lofti um að háskólastigið sé að vakna til vitundar um hlutverk sitt að þessu leyti. Allir háskólar sem nú starfa í landinu voru beinlínis stofnaðir til þess að sinna þörf atvinnulífsins á vissum sviðum. Háskólasamfélagið hefur að undanförunu beitt sér fyrir ýmsum áhugaverðum nýjungum til þess að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Þrátt fyrir þetta hefur atvinnulífið talið þörf á að fyrirkomulag einstakra háskóla og háskólagreina verði endurbætt þannig að sjónarmið fyrirtækjanna eigi beinni og greiðari aðgang að inntaki námsins.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst er ágætt dæmi um þær áherslur sem nú eru lagðar í aukin samskipti atvinnulífs og skóla. Samkvæmt skipulagsskrá fyrir háskólann skipa Samtök atvinnulífsins tvo af fimm stjórnarfulltrúum. Þannig er stjórn skólans skipuð einstaklingum sem eru framarlega í atvinnulífinu. Hlutverk háskólastjórnar er að standa vörð um hlutverk háskólans og gæta þess að starfsemi hans þjóni settum markmiðum. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum háskólans og er ætlað að styrkja enn frekar tengsl skólans við viðskipta- og atvinnulíf en á það leggur háskólinn sérstaka áherslu í kennslu, rannsóknum og öllu starfi.

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands er ágætt dæmi um tengsl atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Markmið Rannsóknþjónustunnar er að styrkja tengsl atvinnulífs og HÍ á vettvangi rannsókna, nýsköpunar og starfsmenntunar og styðja þannig við rannsóknir og kennslu við skólann.

Á þeim einum og hálfu áratug sem Rannsóknþjónustan hefur verið að störfum verður að segjast að vel hafi tekist til með að styrkja tengsl HÍ og fyrirtækjanna í landinu á sviðum rannsókna, nýsköpunar og hæfnisuppyggingar. Tilgangurinn er að veita íslensku atvinnulífi stuðning á sem flestum sviðum og styrkja um leið starfsemi háskólans. Þannig eru viðskiptavinir Rannsóknþjónustunnar bæði starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og aðilar úr íslensku atvinnulífi.

Rannsóknþjónusta heyrir sem háskólastofnun undir rektor og háskólaráð í samræmi við starfsreglur stofnunarinnar. Yfir starfsemi stofnunarinnar er 6 manna stjórn sem skipuð er af háskólaráði að fengnum tilnefningum frá Samtökum atvinnulífsins og rektor Háskólans.

Verkefni Rannsóknþjónustunnar hafa verið margvísleg. Meginviðfangsefnin hafa verið öflug þjónusta í tengslum við evrópskt samstarf. Þannig hefur stofnunin veitt háskólasamfélaginu og fyrirtækjum í landinu upplýsingar um alþjóðlega sjóði sem styrkja rannsóknir og tækniyfifærslu sem Íslendingar eiga aðgang að, bæði evrópska og norræna. Stofnunin hefur aðstoðað við gerð umsókna til rammaáætlunar ESB um rannsóknir og tækniþróun og Leonardo da Vinci starfsmentaaætlunarinnar. Aðstoðin getur einnig tekið til stjórnunar rannsókna- og tilraunaverkefna, samskipti við framkvæmdastjórn ESB, skýrslugerð og innbyrðis samskipti þátttakenda. Upplýsingum hefur verið miðlað um niðurstöður samstarfsverkefna ESB og hugmyndir um nýtingu þeirra í þágu íslensks atvinnulífs. Samskonar þjónusta verður einnig veitt í tengslum við íslenskar rannsóknir. Síðast en ekki síst hefur Rannsóknþjónustan aðstoðað við yfifærslu tækniþekkingar og nýsköpun. Sú aðstoð hefur aðallega falist í leit að samstarfsaðilum, ráðgjöfum, sérfræðingum og öðrum aðilum sem nýst geta fyrirtækjum við nýsköpun og ráðgjöf varðandi einkaleyfi.

Af einstökum háskólagreinum hefur atvinnulífið haft mesta þörf fyrir sérhæft menntafólk á sviði upplýsingatækni (tölvufræði, kerfisfræði), verkfræði og tæknifræði. Skortur á menntuðu fólki á þessum sviðum hefur leitt til gagnmerkra viðræðna háskólastigs og fulltrúa atvinnulífsins um hugsanlegar úrbætur. Þessar viðræður hafa leitt til stofnunar tveggja félaga: „Hagsmunafélags um eflingu verk- og tæknimenntunar“ og „Undirbúningsfélags um rekstur Tækniskóla Íslands“.

Aðkoma atvinnulífsins að rekstri skóla

Tækniskóli Íslands var á sínum tíma stofnaður til þess að veita iðnaðarmönnum, sveinum og meisturum, tæknimenntun við hæfi og þannig hefur hann verið nátengdur tilteknum atvinnugreinum öðrum fremur. Starfsemi skólans hefur aukist í áranna rás og er nú svo komið að flestir nemenda við hann eru í viðskipta- og rekstrarnámi en ekki tækninámi. Tilgangur og rekstur Tækniskóla Íslands hefur af þessum sökum verið í skoðun hjá menntamálaráðuneytinu í allmörg ár. Rætt hefur verið um að sameina verk- og tæknifræði undir hatti verkfræðideildar HÍ og eins voru á sínum tíma unnin drög að frumvarpi um að breyta Tækniskólanum í akademíska kennslustofnun.

Mikil umræða hefur átt sér stað í atvinnulífinu um stöðu Tækniskólans og nauðsyn þess að koma starfsemi hans á fastari grunn, bæði hvað varðar námsfyrirkomulag og rekstur, og efla starfsemi hans frekar. Bæði atvinnurekenda- og launþegamegin hefur verið lögð áhersla á sjálfstæði TÍ og mikilvægi hans sem fagháskóla sem sinni menntaþörfum starfsfólks og fyrirtækja. Menntamálaráðherra hafði áhuga á því að kanna nýjar leiðir í rekstri TÍ og fól Samtökum iðnaðarins að hafa forgöngu um málið. Í framhaldi af því stofnuðu Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands, Rannsóknastofnanir iðnaðarins og Tæknifræðingafélag Íslands „Undirbúningsfélag til að leita samninga við menntamálaráðuneytið um rekstur Tækniskóla Íslands með það að markmiði að þróa hann á háskólastigi“. Markmið „Undirbúningsfélags“ er tvenns konar: 1. Að semja við menntamálaráðuneyti um að taka yfir rekstur Tækniskóla Íslands. 2. Að móta stefnu og undirbúa stofnun félags sem tekur yfir rekstur Tækniskóla Íslands og þróa hann á háskólastigi skv. sérstökum samningi við menntamálaráðuneyti. Samningar við ráðuneytið gengu hægt fyrir sig enda var mikil vinna lögð í reikna út rekstrarforsendur. Það urðu atvinnulífinu vonbrigði að samningar tókust ekki.

Samstarf um að efla verk- og tæknimenntun

Í viðræðum um stofnun Undirbúningsfélagsins varð ljós þörfin fyrir vettvang fyrir skóla og atvinnulíf til að hafa almennt áhrif á þróun verk- og tæknimenntunar á háskólastigi. Í því skyni stofnuðu fulltrúar atvinnulífs og háskóla „Hagsmunafélagið“ sem heitir fullu nafni „Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi á Íslandi“. Markmið félagsins, samkvæmt samkomulagi stofnaðila, er að efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi. Þessu hyggst félagið ná með samnýtingu og samstarfi milli háskóla, með því að auka framboð menntunar á landsbyggðinni, með því að nýta samlegðaráhrif háskóla og rannsóknastofnana, með því að bæta menntun í verk- og tæknifræði og með því að hvetja til nýjunga í verk- og tæknifræði.

Forsendur þess að ráðist er í stofnun sérstaks félags í þessu skyni eru nokkrar. Meðal þeirra má nefna að nemum í verk- og tæknigreinum hefur ekki fjölgað undanfarin ár þótt mikil þörf sé hjá fyrirtækjum fyrir menntað tæknifólk í vel launuð og skapandi störf. Hagsmunafélagið telur aukna verk- og tæknimenntun fela í sér mikil tækifæri til hagsældar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið í heild. Að auki telur Hagsmunafélagið eflingu verk- og tæknimenntunar hér á landi vera mikilvæga forsendu fyrir vaxandi samkeppnishæfni íslenskra háskóla og fyrirtækja.

Verkefni Hagsmunafélagsins er víðtækt en stjórn félagsins hefur ákveðið að beita sér fyrir tilteknum verkefnum til að vekja áhuga ungs fólks á verk- og tæknigreinum og varpa ljósi á mikilvægi þeirra. Hagsmunafélagið hefur veitt viðurkenningu fyrir gott framtak á sviði verk- og tæknimenntunar, hefur haldið opna fundi um málefni stærðfræði og verk- og tæknimenntunar.

6. ALÞJÓÐASAMSTARF UM MENNTAMÁL

Með tilurð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 1994, gafst Íslendingum kostur á að taka þátt í ýmsum áætlunum ESB, m.a. á sviði menntamála. Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa hvor fyrir sig tekið þátt í vinnu evrópsku móðursamtakanna UNICE og ETUC á sviði menntamála. Af einstökum áætlunum og öðru formlegu samstarfi hafa íslensku fulltrúarnir helst tekið þátt í Leonardó og CEDEFOP. Möguleikar til frekara alþjóðlegs samstarfs eru fyrir hendi, t.d. innan áætlunar ESB, sem kennd er við Grundtvig, og í tengslum við Alþjóða vinnumálastofnunina (ILO).

Leonardó

Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa verið þátttakendur í starfsmenntaáætlun ESB, Leonardó, frá því að henni var ýtt úr vör árið 1994. Ný Leonardóáætlun hóf starfsemi í fyrra og nær til ársins 2006.

Markmið Leonardó da Vinci II er svipað og Leonardó I:

- Að bæta fagkunnáttu og færni fólks, sérstaklega ungs fólks. Þetta má m.a. gera með starfstengdri þjálfun og samningsbundnu námi.
- Að auka gæði og aðgang að símenntun í starfsþjálfun og stuðla þannig að því að fólk geti eflt með sér verkkunnáttuna og verkfærni.
- Að stuðla að og styrkja framlag starfsmenntunar til nýsköpunar, til að bæta samkeppnishæfni og aðstöðu frumkvöðla, einnig með tilliti til nýrra atvinnutækifæra.

Ákveðin hafa verið sérstök forgangsatríði Leonardó II næstu árin:

- Að auka gæði og aðgang að starfsmenntun og þjálfun.
- Að auka samstarf starfsmenntastofnana og fyrirtækja.
- Að stuðla að því að fyrirtæki fjárfesti í mannauði.
- Að nýta möguleika upplýsingatækninnar.
- Að auka gegnsæi færni, að stuðla að sveigjanleika þjálfunar, og að bæta stöðu þeirra sem minna mega sín á vinnumarkaði.

Árangur Íslendinga af Leonardóáætluninni hefur verið mjög góður. Um 600 íslenskir nemendur og starfsmenn hafa farið í náms- og starfsdvöl til Evrópulanda og um tveir tugir tilrauna-, yfirfærslu- og rannsóknarverkefna undir íslenskri verkefnastjórn hafa verið styrktir. Auk þess eru Íslendingar þátttakendur í mörgum verkefnum sem stýrt er frá öðrum Evrópulöndum.

CEDEFOP

Frá því um mitt ár 1996 hefur Ísland átt aðild að starfsemi CEDEFOP, þróunarmiðstöð starfsmenntunar í Evrópu (Centre Européen pour le Développement de la Formation Professionnelle), með sérstöku samkomulagi sem gert var á grundvelli EES-samningsins. Menntamálaráðuneytið hefur gert samkomulag við MENNT um að vera íslenski tengiliðurinn við CEDEFOP, miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar. Þar er um að ræða umsjón með **upplýsinganeti** CEDEFOP á sviði starfsmenntamála annars vegar og umsjón og skipulagningu **námsferða** miðstöðvarinnar hins vegar.

CEDEFOP hefur verið starfrækt frá árinu 1975, fyrstu 20 árin í Berlín en frá 1. sept. 1995 í Thessaloníki á Grikklandi. Þátttökulöndin eru 17, þ.e. öll aðildarlönd ESB auk EFTA-landanna Íslands og Noregs. Stjórnvöld, atvinnurekendur og launþegar í aðildarlöndum ESB eiga jafna og beina aðild að stjórn miðstöðvarinnar, auk fulltrúa Framkvæmdastjórnar ESB, en EFTA-löndin eiga þar áheyrnarfulltrúa.

Hlutverk CEDEFOP er að aðstoða ofangreinda aðila við mótun og framkvæmd starfsmenntastefnu, m.a. með öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun, stuðla að hagnýtingu á niðurstöðum starfsmenntarannsóknna og skapa vettvang fyrir skoðanaskipti. Auk umfangsmikillar útgáfustarfsemi stendur CEDEFOP í þessu skyni m.a. fyrir tveimur stórum verkefnum sem Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands tekur þátt í fyrir Íslands hönd.

Annað verkefnið (Documentary Information Network) er upplýsinganet allra þátttökulanda um mál tengd starfsmenntun og starfsmenntarannsóknnum. Skráð hafa verið um 1000 evrópsk rannsóknaverkefni á sviði starfsmenntunar í gagnabanka sem opnaður verður almenningi á internetinu á næstu vikum eða mánuðum. Einnig hafa verið skráðir yfir 20 þúsund titlar valinna ritsmíða um efni tengt starfsmenntun og mun Rannsóknþjónustan aðstoða fólk við að finna gögn samkvæmt nánari skilgreiningu þar til aðgengi hefur verið veitt seinna á þessu ári.

Hitt verkefnið (Study Visits Programme), sem starfrækt hefur verið frá árinu 1985, eru skipulagðar náms- og kynnisferðir þar sem fólk frá ýmsum löndum, sem tengist starfsmenntun með ólíkum hætti, fer til að kynna sér tiltekna þætti starfsmenntunar í einhverju þátttökulandi í 3-5 daga. Samtals taka um 700 manns þátt í þessum heimsóknnum árlega. Íslendingar tóku fyrst þátt í verkefninu árið 1996 og taka á móti einum slíkum hópi á ári og hafa fengið styrk frá CEDEFOP til að fara í slíkar ferðir. Verkefnið tengist þeim hluta Leonardo da Vinci áætlunarinnar sem tekur til mannaskipta.

7. FRAMTÍÐ MENNTUNAR FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa á undanförunum árum lagt áherslu á framgang menntunar, ekki síst starfsmenntunar, bæði innan og utan hins opinbera menntakerfis. Atvinnulífið þarf að geta treyst á öflugt menntakerfi til þess að þróast í takt við kröfur nútímans. Þetta er í samræmi við hraðfara alþjóðavæðingu.

Áherslur aðila vinnumarkaðarins hafa verið mismunandi. Um sum atriði næst illa sátt þar sem hagsmunir eru gagnólkir. Miklu fleiri eru þau atriði sem aðilar standa saman um og / eða gætu náð saman um. Í stuttu máli eru aðilar vinnumarkaðarins sammála um að nýta menntun til að treysta stöðu einstaklinga og fyrirtækja í atvinnulífinu. Aukin menntun og þjálfun einstaklinga leiðir m.a. eftirfarandi af sér:

- Treystir stöðu starfsfólks á vinnumarkaði
- Eykur verðmæti starfsfólks
- Eykur gæði og verðmæti framleiddrar vöru
- Eflir samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnugreina og landa

Sameiginlegur skilningur aðila vinnumarkaðarins á mikilvægi menntunar í atvinnulífinu hefur dafnað í skjóli vissunnar um ábata beggja aðila af samstarfi í þessum málaflokki. Ljóst er að samstarfið hefur vaxið hratt og að það er viðamikið. Möguleikar á hagræðingu hér á landi eru því miklir.

Sameiginlegt verkefni aðila vinnumarkaðarins á sviði menntamála ætti að vera eftirfarandi:

- 1) Að tala skýrar einni röddu um sameiginleg hagsmunamál atvinnurekenda og launafólks í menntamálaum, bæði gagnvart íslenskum stjórnvöldum og í Evrópusamstarfi.
- 2) Að kanna möguleika á að auka formlegt samstarf félaga og stofnana í atvinnulífinu um sameiginleg markmið. Til greina kemur að sameina félög og samstarf með sameiginleg markmið.
- 3) Að nýta sameiginleg tækifæri atvinnurekenda og launafólks í samstarfi atvinnulífs og skóla.
- 4) Að bjóða í auknum mæli þekkingu og þjónustu atvinnulífsins til að leysa af hendi lögbundin verkefni stjórnvalda á sviði menntamála. (Atvinnulífið þjóni stjórnvöldum.)
- 5) Að kanna möguleika á að nýta opinbera skólakerfið til að þjóna menntahagsmunum atvinnulífsins. (Skólar þjóni atvinnulífinu.)
- 6) Að vinna með stjórnvöldum að því að teikna gegnsæja heildarmynd af íslenska menntakerfinu þar sem hlutverk aðila er skilgreint, sátt sé um hugtakanotkun og einfalda framsetningu.

Samtök atvinnurekenda og launafólks munu njóta góðs af skipulegra samstarfi á sviði menntamála. Markmið nást auðveldar og tilkostnaður minnkar. Ávinningurinn er ekki eingöngu atvinnurekenda og launafólks heldur einnig „viðskiptavina“ þeirra: stjórnvalda,

skóla, félaga og fyrirtækja í menntageiranum. Samskipti og boðskipti einfaldast og hlutverk skýrast. Skrifræðið minnkar.